

rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Bárður Kristján Guðmundsson skal sæta betrunarhúsvinnu í 2 ár og 6 mánuði. Að öðru leyti skal undirréttardómurinn vera óraskaður. Ákærði greiði einnig allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflytningu- og talningu- og verjanda fyrir yfirdómi, málsfærslumannanna Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmd íðgjöld greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, og skal honum að öðru leyti fullnægt með aðför að lögum.

Mánudaginn 14. maímánaðar.

Nr. 15/1900:

Réttvísinn
gegn

Lárusi Pálssyni.

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað gegn Lárusi Pálssyni, húsmanni í Reykjavík fyrir fölsun á læknisrecepti, fyrir að hafa gjört skaða með lækningatilraun og fyrir ólöglega meðalásölu, og var það dæmt í aukarétti Reykjavíkur 24. jan. þ. á. með þeim úrslitum, að ákærði var sýknaður af ákæru sóknarans að því er kærana fyrir skjalafölsun snerti,

en dæmdur fyrir brot gegn lögum 29. febr. 1884 í 20 kr. sekt til landssjóðs og fyrir ólöglega með-alasölu í 4 kr. sekt til fátækra sjóðs Reykjavíkur. Svo skyldi hann og greiða allan af málinu leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda síns í héraði, yfirréttarmálaflutningsmanns Einars Benediktssonar, 10 kr. Þá voru og nokkur eiturlyf, er fundust hjá ákærða, gjörð upptæk.

Það er sannað með játningu ákærða og á annan hátt, að hann hefir breytt recepti, er hann hafði fengið hjá Guðmundi lækni Magnússyni í Reykjavík og sem hljóðaði um 10 eða 15 grömm af tinctura aconiti, þannig, að hann gjörði úr grammatölunni á receptinu töluna 215. Receptið hafði ákærði, áður en hann breytti grammatölunni á því, notað að minsta kosti tvisvar, eftir því sem ætla verður af áteiknunum á því, en með því að hann þurfti oft á meðalínu að halda, sumpart handa sjálfum sér og sumpart til lækninga, sem hann hefir fengist töluvert við, og hann áleit sér heimilt að fá af meðalínu meira í einu, eins og hann gat fengið út á receptið eins oft og hann vildi, þá breytti hann tölunni á receptinu eins og fyrr er frá skýrt, og kvedst hann þannig hafa að eins gjört breytinguna á receptinu til að spara sér ómak og lyfsalanum margar afgreiðslur. Hið breytta recept sendi ákærði á lyfjabúðina í Reykjavík og hafði þá ritað jafnframt aftan á það beiðni til lyfjasöllumannsins um að láta sig fá 215 gr. af meðalínu í reikning sinn. Lyfsöllumaðurinn, sem beiðnin á receptinu var stfluð til, af-

greiddi það eins og um var beðið, en hann kveðst þó hafa tekið eftir því, að grammatalan á því var óreglulega skrifuð og eins og henni væri breytt, en hafi þó eigi álitnið sér heimilt að neita að láta úti hinn tiltekna skamt, enda sé meðalið eitt af þeim, sem megi láta úti eftir sama recepti í svo stórum skömtum sem vera vill.

Að vísu hefir nú ákærði játað, að sér hafi verið það ljóst, að lækurinn mundi ekki hafa gefið sér recept upp á svo stóran skamt sem breytingin hljóðaði um, en á hinn bóginn verður að taka trúanlega þá skýrslu ákærða, að hann hafi ætlað, að eins og hann mætti fá út á receptið svo oft sem hann vildi af meðalinu, eins hlyti sér að vera leyfilegt að fá meira af því í einu til að spara óþarfa ómök og afgreiðslur. Það kemur nú eigi til greina, hvort þessi skoðun ákærða, sem kemur heim við álit lyfsöllumannsins, sem fyrr er getið, er rétt eða eigi, en hún gat sennilega leitt til þess, að ákærði álitni sér leyfilegt að breyta skamtinum, sem á receptinu stóð, til leiðbeiningar fyrir lyfsalann, er hann vildi fá stærri skamt afgreiddan. En að ákærði eigi hafi ætlað að villa sjónir fyrir lyfsöllumanninum, virðist mega ráða að því, að breytingin á receptinu er svo illa gjörð, að ákærði gat eigi búist við, að hún dyldist fyrir honum, og eins bendir það á að ákærði hafi eigi verið sér meðvitandi þess, að hafa gjört nokkuð óleyfilegt með breytingunni á receptinu, að hann alveg ótilkvaddur sýndi rannsóknardómaranum hið

breytta recept síðar, er málssókn þessi var hafin gegn honum fyrir ólöglegar lækningar og meðala-sölu, og skýrði hiklaust frá breytingunni. Af þessum sökum verður eigi álitid, að ákærði hafi breytt fyrteðu recepti í hegningarverðum tilgangi, og verður því, eins og undirdómarinn hefir gjört, að sýkna hann fyrir ákæru sóknarans að því þetta kæratriði snertir.

Að því er snertir kærana fyrir að hafa gjört skæða með lækningatilraunum sínum, þá eru at-vik málsins þau, að 1. nóv. f. á. leitadi Geir skip-stjóri Sigurðsson í Reykjavík ráða hjá ákærða, sem er alkunnur að því að fást við lækningar, og fekk ákærði, Geir, við sjúkdómi hans, sem var taugaveiklun (nevrastheni) 4 glös, merkt a, b, c og d, sem Geir átti að taka úr 7 dropa 5 sinnum á dag, 1. daginn úr a-glasinu, þar næst úr b-glas-inu o. s. frv. í 12 daga, en ákærði áminti Geir um að taka varlega úr b-glasinu og skyldi hann að eins taka 3 inntökur úr því á dag, ef honum fyndist það meðal hafa óþægileg áhrif á sig, en í glasi þessu var eiturmedal, tinctura belladonnae, í 3. þynningu eftir homöopathiskum reglum, að sögn ákærða, en blandan kröftugri nokkuð að ætlun landlæknis, héraðslæknis og lyfsala, sem hafa prófað verkanir meðalsins og verkanir réttar 3. þynningar af tinctura belladonnae. Geir Sigurðs-son byrjadi þegar sama daginn að taka úr glösun-um ettir fyrirsögn ákærða, en næsta dag, er hann hafði tekið 2 inntökur úr b-glasinu, fanst honum sér versna allmikið; hann fekk hjartslátt og titr-

ing og honum fanst sem tóm eða eyða yrði í höfðinu á sér og augun stækkuðu eða gengu út, og fleiri óþæginda fann hann til, sem hann eigi hafði fundið til áður. Hann hætti þá að brúka meðalið eftir ráði héraðslæknis, og skánaði honum þá brátt aftur, og áleit héraðslæknir hann eftir rúma 2 daga ordinn lausan við beinar affeidingar af eitruninni, sem orsakaðist af brukun meðalsins í b-glasinu, þó að hann gæti, vegna taugaveiklunar sinnar, búið lengur að áhrítum hennar á hann. Það er og álit téðra lækna, að heilsu mannsins hefði ef til vill verið veruleg hætta búin, ef hann hefði haldið áfram að taka inn meðalið eftir fyrirsögn ákærða.

Með lækningatilraun þeirri, er nú hefir verið lýst, verður að álíta, að ákærði hafi gjört skaða, í þeim skilningi, sem lög 29. febr. 1884 gjöra ráð fyrir, og verður því að fallast á það, að hann, sem áður hefir með landsyfirrættardómi 2. maí 1881 verið sektaður um 20 krónur fyrir skottulækningar samkvæmt tilskipun 5. sept. 1794, 5. gr., er með hinum áfrýjanda dómi dæmdur til að sæta sekt samkvæmt greindum lögum, er þykir hæfilega ákveðin 40 krónur, er renni í fátækra sjóð Reykjavíkur.

Þá hefir ákærði verið kærður fyrir ólöglega meðalasalú, og hefir hann játað að hafa látið úti meðöl til manna, einkum í seinni tíð, og tekið borgun fyrir og hefir hann keypt meðölin í lyfjabúðum hér á landi. Hefir ákærði með þessari

lyfjaverzlun orðið brotlegur gegn tilskipun 4. des. 1672, 30. gr. sbr. kgsbr. 17. jan. 1783 og kansbr. 16. sept. 1797 og er því með undirdóminum réttilega sektaður fyrir hana og þykir upphæð sektarinnar hæfilega ákveðin 10 kr., er renni í fátækra-sjóð Reykjavíkur.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku eiturlyfja þeirra, er fundust hjá ákærða, samþykkjast einnig og sömuleiðis málskostnaðarákvæði dómsins, og ber þannig að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með framangreindum breytingum að því er refsingarákvæði hans snertir. Ákærða ber að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflytningu-slaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 10 kr. til hvors. Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Sekt ákærða Lárusar Pálssonar ákveðist samtals 50 krónur, og renni öll í fátækra-sjóð Reykjavíkur. Að öðru leyti á auka-réttardómurinn að vera óraskaður. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflytningu-slaun til hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfir-réttarmálaflutningsmanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 krónur til hvors þeirra.

Ídæmd sekt greiðist innan 8 vikna frá lög-

birtingu dóms þessa og honum að öðru leyti
að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 18. júnímánaðar.

Nr. 45/1899:

Kristján Jörundsson

gegn

prestinum að Staðarhrauni
Stefáni Jónssyni, fyrir hönd
Hítardalskirkju.

D ó m u r :

Með því að landamerkjамál það, sem hér er
undir áfrýjun, og sem dæmt var í merkjadómi
Snæfellsness-og Hnappadalssýslu 7. ágústm. f. á., eigi
hefir verið lagt til sátta á lögskipaðan hátt, sbr.
tilsk. 20. jan. 1797, I. kap. 1, verður að dæma
hinn áfrýjaða dóm ómerkan og vísa málinu frá
landamerkjadóminum. Málskostnaður fyrir yfir-
dómi þykir rétt að falli niður.

Þ v í d æ m i s t r é t t v e r a :

Landamerkjadómurinn á að vera ómerkur
og vísast málinu frá undirréttinum. Máls-
kostnaður falli niður.